



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



FUNDUR VÍSINDAMANNARÁÐS ALMANNAVARNA

Dags: 30.12.2014

Kl.: 09:30

Staðsetning: Björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð.

Fundarefni: Umbrotin í Bárðarbungu

Fundinn sátu: Vísindamenn frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans, ásamt fulltrúum frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Sóttvarnarlækni og Umhverfisstofnun.

Meginefni fundar

- Eldgosið í Holuhrauni
- Loftgæði
- Sviðsmyndir

Fundargerð

- Eldgosið í Holuhrauni heldur áfram með líkum hætti og verið hefur síðustu vikur. Hraunið flæðir nú í lokaðri rás allt að jaðri hraunbreiðunnar austanverðar, 15 km frá gígaröðinni. Hraun rennur einnig til norðurs.
- Jarðskjálftavirkni í Bárðarbungu er enn öflug, en heldur hefur þó dregið úr henni. Stærsti skjálftinn síðustu tvo daga mældist M5,3 í nótt, 30. desember, kl. 00:11. Ellefu skjálftar mældust stærri en M3,0 og alls mældust um 100 skjálftar frá því á hádegi á sunnudag.
- GPS mælingar við norðurjaðar Vatnajökuls sýna áframhaldandi hægan samdrátt í átt að Bárðarbungu.
- Enn hefur ekki tekist að koma á sambandi við GPS stöðina í öskju Bárðarbungu.
- Loftgæði:
 - Í kvöld og nótt má búast við gasmengun norðaustur af eldstöðinni, frá Tjörnesi austur á Reyðafjörð. Á morgun (þriðjudag) er búist við gasmengun austur af Holuhrauni frá Héraðflóa suður til Berufjarðar en í áttina að Hofsjökli um kvöldið.
 - Tvennskonar tveggja daga spár eru gerðar vegna mengunar frá eldgosinu. Annars vegar er um að ræða textaspá með kortum sem gerð eru af veðurfræðingi á vakt, sjá [Gas spá](#). Hins vegar er hægt að skoða sjálfvirkt [Gas líkan](#), en þetta er tilraunakeyrsla sem er í þróun og taka ber með [fyrirvara](#). Veðurstofan og Umhverfisstofnun biður fólk að [Skrá mengun](#), verði það hennar vart og þeim áhrifum sem það verður fyrir.
 - Hægt er að fylgjast með mælingum á loftgæðum á síðunni www.loftgaedi.is Þar eru einnig aðgengileg gögn frá handmælum sem eru víða um land.
- Leiðbeiningar:
 - Ef fólk finnur fyrir óþægindum er mælt með að halda sig innandyra, loka gluggum, auka kyndingu og slökkva á loftræstingu. Gott er að lofta vel út þegar loftgæði eru góð. Fólk sem finnur fyrir óþægindum er hvatt til þess að hafa samband við sína heilsugæslustöð. Tafla um viðbrögð við loftmengun hefur verið birt á vef Umhverfisstofnunar www.ust.is. Hægt er að fylgjast með mælingum á loftgæðum á síðunni www.loftgaedi.is Veðurstofan birtir textaspár á vef sínum og viðvaranir eftir því sem aðstæður breytast.



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



- Tilmæli og leiðbeiningar má finna hjá [Umhverfisstofnun](#) og [Embætti landlæknis](#), m.a. töflu um [rétt viðbrögð](#).
- Veðurstofan birtir spár um útbreiðslu brennisteinstvöldis á vef sínum eins og greint er frá hér að ofan og þær eru einnig lesnar með veðurfregnum í útvarpi. Leitast er við að koma spánum til skila í sjónvarpsveðurfréttum.
- Umhverfisstofnun hefur dreift handmælum víða um land til að bæta upplýsingaöflun um dreifingu mengunarinnar og niðurstöðurnar má sjá bæði á vef hennar og Veðurstofunnar.
- Hægt er að senda inn fyrirspurnir og upplýsingar til Umhverfisstofnunar vegna loftmengunar á netfangið gos@ust.is Umhverfisstofnun óskar sérstaklega eftir upplýsingum frá fólki sem hefur orðið vart við mikla mengun; hvar það var statt, tímasetningu, lýsingu á gasmekki, eins og lit og skyggni, og lýsingu á áhrifum (sviði í augum o.s.frv.).
- Gosið hefur staðið í rúmlega þrjá mánuði, enn er mikið hraunflæði í Holuhrauni og sighraði öskju Bárðarbungu verulegur. Þrír möguleikar eru taldir líklegastir um framvinduna:
 - Gosið í Holuhrauni heldur áfram þar til öskjusig í Bárðarbungu hættir. Gosið getur varað í marga mánuði enn.
 - Gosvirkni færir til suðurs undir Dyngjujökul og veldur jökulhlaupum og gjóskufalli. Einnig er mögulegt að sprungur opnast annars staðar undir jöklinum. Ef slíkt gos yrði langvinnt gæti það breyst í hraungos.
 - Gos í öskju Bárðarbungu. Slíkt gos gæti brætt mikinn ís og valdið verulegu jökulhlaupi. Öskufall gæti orðið nokkurt.Ekki er hægt að útiloka aðrar sviðsmyndir.
- **Frá Veðurstofu Íslands:** Litakóði fyrir flug er áfram appelsínugulur fyrir Bárðarbungu.
- Næsti fundur Vísindamannaráðs verður þriðjudaginn 6. janúar, 2015.

Ríkislögreglustjórnin almannavarnadeild www.almannavarnir.is www.avd.is Twitter: [@almannavarnir](https://twitter.com/almannavarnir)